

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 242/2021

frá 24. september 2021

**um breytingu á V. viðauka (Frjáls för launþega) og VIII. viðauka
(Staðfesturéttur) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1380 frá 19. ágúst 2021 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Úkraínu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1381 frá 19. ágúst 2021 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Norður-Makedóníu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1382 frá 19. ágúst 2021 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Tyrklandi og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins ⁽³⁾.
- 4) V. og VIII. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 10d (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1273) í V. viðauka við EES-samninginn:

„10e. **32021 D 1380**: Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1380 frá 19. ágúst 2021

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 297, 20.8.2021, bls. 35.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 297, 20.8.2021, bls. 38.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 297, 20.8.2021, bls. 41.

um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Úkraínu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 297, 20.8.2021, bls. 35).

10f. **32021 D 1381:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1381 frá 19. ágúst 2021 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Norður-Makedóníu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 297, 20.8.2021, bls. 38).

10g. **32021 D 1382:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1382 frá 19. ágúst 2021 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Tyrklandi og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 297, 20.8.2021, bls. 41).“

2. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 11d (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1273) í VIII. viðauka við EES-samninginn:

„11e. **32021 D 1380:** Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1380 frá 19. ágúst 2021 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Úkraínu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 297, 20.8.2021, bls. 35).

11f. **32021 D 1381:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1381 frá 19. ágúst 2021 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Norður-Makedóníu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 297, 20.8.2021, bls. 38).

11g. **32021 D 1382:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1382 frá 19. ágúst 2021 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Tyrklandi og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 297, 20.8.2021, bls. 41).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvarðana (ESB) 2021/1380, (ESB) 2021/1381 og (ESB) 2021/1382, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 25. september 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. september 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.